



Leiðbeiningar

Bólusetning gegn COVID-19

haustið 2025

Embætti landlæknis
Sóttvarnalæknir

Bóluefni

Veturinn 2025–2026 eru tvö bóluefni gegn COVID-19 fáanleg á Íslandi:

- Comirnaty JN.1 (eingilt omikron bóluefni Pfizer/BioNTech uppfært í júlí 2024)
- Comirnaty LP.8.1 (eingilt omikron bóluefni Pfizer/BioNTech uppfært í júlí 2025)

Bóluefnin eru mRNA bóluefni sem vekja og örva svar við S-prótíni omikron afbrigðis. Stofnanir geta pantað hvort bóluefnið sem er.

Bólusetning dregur verulega úr hættu á alvarlegum veikindum vegna COVID-19, en hefur ekki reynst mjög gagnleg til að hindra smit til eða frá bólusettum einstaklingi.

Vörn dvínar með tímanum og hefur því verið mælt með því undanfarin 4 ár að beita reglulegum örvunarbólusetningum fyrir einstaklinga í aukinni hættu á alvarlegum veikindum vegna COVID-19.

Frá 2023 hefur dregið verulega úr tíðni alvarlegra veikinda og álagi á stofnanir vegna COVID-19 yfir vetrartímann og er nú svo komið að **ekki** er tilefni til að leggja áherslu á að bólusetning gegn COVID-19 fari fram samhliða influensubólusetningum í haust. Bólefni er samt sem áður til og ef COVID-19 lætur á sér bera, hvort sem er í samfélagi eða innan stofnunar, er rétt að nota bóluefnið til að draga úr veikindum meðal áhættu- og forgangshópa.

Sóttvarnalæknir mælir með að bólusetning verði boðin 75 ára og eldri almennt **ef** COVID-19 faraldur fer af stað á tímabilinu október–mars, til að draga úr veikindum þeirra á þeim árstíma sem mest er um innlagnir vegna öndunarfærasýkinga almennt á Íslandi. Við ákvörðun um bólusetningu þarf að hafa í huga [almennt ástand einstaklingsins](#), **ekki** er mælt með bólusetningu einstaklinga á lífslökameðferð, hrumra einstaklinga eða í bráðum veikindum.

Einstaklingar með **ofnæmi** gegn innihaldsefnum bóluefnanna eða sögu um bráðaofnæmi vegna stungulyfja eða af óþekktum orsökum ættu **ekki** að þiggja bólusetningu gegn COVID-19 nema að undangengnu mati ofnæmislæknis, á stað þar sem meðferð ofnæmislosts er aðgengileg.

Aukaverkanir bóluefna gegn COVID-19 eru oftast vægar og tengjast viðbragði ónæmiskerfisins gegn mótefnavaka bóluefnis:

1. Staðbundnar aukaverkanir s.s. verkur, bólga, roði eða kláði á stungustað og geta varað í nokkra daga, uppundir viku.
2. Aukaverkanir s.s. hiti, höfuðverkur, vöðvaverkir og slappleiki eru fremur algengar aukaverkanir sem vara yfirleitt 2–4 sólarhringa (flensulík einkenni).

Alvarlegar aukaverkanir eru sjaldgæfar hver um sig en hafa komið fram í stórum bólusetninga-herferðum undanfarinna ára. Sjá [grein um sjaldgæfar og/eða alvarlegar aukaverkanir COVID-19 bóluefna](#).

Eftirfarandi hópum **stendur til boða** bólusetning gegn COVID-19 veturinn **2025–2026 ef stofnanir gera bólusetningar aðgengilegar** sem viðbragð við aukinni dreifingu, staðbundið eða á landsvísu:

Aldurshópur	Hópur nánar	Bóluefni og skammtur	Skilmerki
6 mán.–4 ára		Ekki fáanlegt á Íslandi	--
5–11 ára*	Undirliggjandi sjúkdómar	Comirnaty JN.1 eða LP.8.1 10 mcg/skammt	Skv. ákvörðun læknis
12–17 ára	Undirliggjandi sjúkdómar	Comirnaty JN.1 eða LP.8.1 30 mcg/skammt	Skv. ákvörðun læknis
18–74 ára	Undirliggjandi sjúkdómar	Comirnaty JN.1 eða LP.8.1 30 mcg/skammt	Að læknisráði
	Heilbrigðis- starfsmenn	Comirnaty JN.1 eða LP.8.1 30 mcg/skammt	Að eigin ósk eða eftir tilmælum vinnuveitanda**
75 ára og eldri	Allir	Comirnaty JN.1 eða LP.8.1 30 mcg/skammt	Að eigin ósk, að læknisráði eða að ráði sóttvarnalæknis ef faraldur fer af stað.

* Hér á landi er ekki fáanlegt sérstakt lyfjaform fyrir börn 5–11 ára og fá þau því 1/3 úr venjulegum skammti af bóluefni sem gert er fyrir 12 ára og eldri.

** Bólusetning er aðgengileg fyrir stofnanir og starfsfólk til að draga úr veikindafjarvistum í viðkvæmri starfsemi en bólusetning hefur lítil áhrif á dreifingu smita innan stofnunar.

Ekki þarf að taka tillit til fjölda fyrri skammta almennt, né tímasetningu fyrri skammta bóluefnis eða fyrri veikinda við lestur töflunnar.

Ekki er mælt með reglulegri COVID-bólusetningu fjölskyldumeðlima sjúklinga í áhættuhópum nema í undantekninga-tilvikum, sérfræðilæknir sérlega viðkvæms sjúklings getur ráðlagt um slíkt.

Framboð COVID-bóluefna

Heilbrigðisráðuneyti gerir samninga um innkaup á COVID-bóluefnum fyrir hönd Íslands, í tengslum við sameiginleg innkaup EFTA- og Evrópusambandslanda. Samningsbóluefni er bólusettum að kostnaðarlausu. Bóluefni gegn COVID-19 eru ekki á almennum markaði.

Skráning COVID-bólusetninga

Skv. reglugerð um bólusetningar [nr. 221/2001](#) skal skrá allar bólusetningar sem gerðar eru á Íslandi í bólusetningagrunn sóttvarnalæknis. Skráningarkerfi fyrir COVID-bólusetningar á Íslandi er tengt grunni sóttvarnalæknis. Bólusetningar erlendis með bóluefnum sem ekki eru notuð á Íslandi þarf að skrá í sjúkraskrárkerfið Sögu.